

Nefndarsvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 6 desember 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum nr. 99/1993
(framleiðendafélög, 505. mál á 154. löggjafarþingi)**

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri sjónarmiðum við ofangreint mál. Frumvarpið hefur tekið litlum breytingum frá því það var birt í samráðsgátt stjórnvalda vísar ráðið til umsagna við málið á fyrri stigum.

Viðskiptaráð vill áréttta að sömu leikreglur eigi að gilda í atvinnulífinu, óháð atvinnugreinum. Það sé mikilvægt að atvinnulífið búi við frelsi í viðskiptum, lágmörkun opinberra afskipta, hagfellt skattaumhverfi og aðra þá þætti sem stuðla að aukinni samkeppnishæfni Íslands.

Ráðið telur ekki hafa verið færð rök fyrir því að núverandi löggjöf komi í veg fyrir samstarf og hagræðingu á vettvangi framleiðendafélaga að því gefnu að uppfylltar séu kröfur um hag neytenda og ekki sé komið í veg fyrir samkeppni, sbr. 15. gr. samkeppnislaga. Mikilvægt sé að stjórnvöld greini hvað valdi því að ekki hafi verið látið reyna á samstarf á grundvelli greinarinnar.

Fyrirliggjandi frumvarpi er ætlað að styrkja stöðu framleiðenda búvara, skapa tækifæri til aukinnar samvinnu og verðmætasköpunar og bæta rekstur kjötafurðastöðva. Þó nær það aðeins til sumra kjötafurðastöðva og erfitt er að sjá hvernig frumvarpið stuðlar að endurskipulagningu og hagræðingu í slátrun og kjötvinnslu því kjötafurðastöðvar hér á landi eru ekki í meirihlutaeigu eða undir stjórn bænda nema að litlu leyti. Frumvarpið sé því ekki til þess fallið að leysa þann vanda sem landbúnaðurinn stendur frammi fyrir

Mati á áhrifum frumvarpsins er verulegu ábótavant, einstök efnisákvæði frumvarpsins eru óskýr og nánari útfærsla á reglugerð ráðherra ekki skýrð með fullnægjandi hætti. Ekki liggja fyrir hvaða starfandi afurðarstöðvar komi til með að falla undir frumvarpið nái það fram að ganga og ekki sé gætt að því undanþágan leiði ekki til hærra vöruverðs á landbúnaðarvörum, þvert á móti er gert ráð fyrir að hún kunni að leiða til hækkunar smásöluverðs á landbúnaðarvörum.

Viðskiptaráð tekur undir mikilvægi þess að íslenskum landbúnaði sé búið samkeppnishæft umhverfi sem styður við framþróun greinarinnar en telur að sértæk undanþága frá almennum reglum samkeppnisréttar sé ekki farsæl leið að því markmiði. Rekstrarerfiðleikar atvinnugreinar réttlæti ekki undanþágur frá samkeppnislögum sem einmitt hafa það að markmiði að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðslupátta þjóðfélagsins.

Virðingarfyllt,

María Guðjónsdóttir
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands